



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 22. desember, 2009

Ákvörðun nr. 47/2009

**Ósk Verðlagsnefndar leigubifreiðastjóra á BSR,
Bifreiðastöð Reykjavíkur, um undanþágu frá bannákvæðum
samkeppnislaga vegna sameiginlegs hámarksökutaxta fyrir
leigubifreiðastjóra stöðvarinnar.**

I.

Samkeppniseftirlitinu barst bréf Verðlagsnefndar leigubifreiðastjóra hjá Bifreiðastöð Reykjavíkur (Verðlagsnefnd BSR), þann 30. júní 2008, þar sem óskað var eftir áframhaldandi undanþágu frá samkeppnisyfirvöldum til að bifreiðastjórar á BSR geti verið með sameiginlegan ökutaxta, þannig að allar bifreiðar á stöðinni „*aki gegn sama gjaldi sem gefið sé út hverju sinni*“. BSR hefur fengið slíka undanþágu áður, síðast með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2007, *Ósk um framlengdan gildistíma á undanþágu fyrir Bifreiðastöð Reykjavíkur til að gefa út sameiginlegan hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra sína.*

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 17. júlí 2008, var óskað eftir upplýsingum frá Verðlagsnefnd BSR um m.a. uppbyggingu gjaldskrárinnar, þ.e. ökutaxtans, og um verðþróun hans frá því að bifreiðastjórum á BSR var fyrst veitt undanþága með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2006. Samkeppniseftirlitinu barst ekkert svar við þessu bréfi.

Þá barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá Verðlagsnefnd BSR þann 1. júlí 2009 sem var samhljóða bréfi nefndarinnar til eftirlitsins frá árinu áður. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. júlí 2009, voru spurningar til Verðlagsnefndar BSR frá fyrra ári ítrekaðar.

Samkeppniseftirlitinu bárust svör Verðlagsnefndar BSR með bréfi hennar, dags. 27. júlí 2009. Með bréfinu fylgdu umbeðin gögn og kom þar fram að Verðlagsnefnd BSR hafði ítrekað hækkað ökutaxta leigubifreiðastjóra hjá BSR eftir að nefndin óskaði í fyrra sinni eftir undanþágu með bréfi sínu í júnímánuði 2008. Til athugunar kann að verða í sérstöku máli hvort með þessu hafi verið brotið gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

II.

Forsaga þessa máls er sú að um langa hríð tóku leigubifreiðastjórar í landinu gjald fyrir akstur í samræmi við gildandi hámarksökutaxta. Hámarksökutaxti leigubifreiða var gefinn út af Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra (BÍLS), að undangengnu samþykki verðlags- og síðar samkeppnisyfirvalda á verðbreytingum.



Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006 *Afnám á hámarkstöxtum leigubifreiða sem Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra gefur út*, sem birt var 7. febrúar 2006, kvað á um að frá og með 1. maí 2006 skyldi falla úr gildi hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar sem gefinn hafði verið út af BÍLS. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins með úrskurði sínum nr. 2/2006. Áréttað var í ákvörðuninni að eftir gildistöku hennar yrði fyrirtækjum sem rækju leigubifreiðar, þ.e. hverjum þeim sem ætti og ræki leigubifreið, hvort heldur sem væri frá leigubifreiðastöð eða á annan hátt, leigubifreiðastöðvum og samtökum leigubifreiðastjóra óheimilt að hafa með sér hvers konar samstarf eða samskipti um ökutaxta og önnur verðlagsmál eða annað sem færi gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Með þessari ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var fallið frá því fyrirkomulagi að verðlagning fyrir þjónustu leigubifreiða væri miðstýrð.

Þann 30. júní 2006 birti Samkeppniseftirlitið ákvörðun nr. 23/2006 þar sem fallist var á ósk bifreiðastöðvarinnar Hreyfils, sem er keppinautur BSR á markaði, um heimild til að fá að gefa út hámarkstaxta fyrir bifreiðastjóra á stöðinni. Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 25/2006 *Ósk Bifreiðastöðvar Reykjavíkur um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlegan hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra stöðvarinnar* var BSR veitt sams konar heimild og Hreyfli áður. Með þessum ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins komst á það fyrirkomulag að leigubifreiðastöðvar gætu stundað samkeppni sín á milli með ólíkri verðlagningu fyrir þjónustu sína.

Í þessum ákvörðunum voru sett skilyrði fyrir undanþágunum sem lutu að því hvaða aðilar taki ákvörðun um hámarksökutaxta annars vegar og um hvernig hann sé gerður sýnilegur farþegum leigubifreiðanna hins vegar. Undanþágurnar hafa verið veittar til tiltekins tíma.

III.

Í máli þessu óskar Verðlagsnefnd BSR eftir undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlegan hámarksökutaxta.

Í 10 gr. samkeppnislaga kemur fram að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort sem þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni séu bannaðar. Í 12 gr. samkeppnislaga kemur fram að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar séu samkvæmt lögnum. Í 15. gr. samkeppnislaga er kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til þess að veita undanþágur frá bannákvæðum 10. og 12. gr.

Lýsa má aðstæðum á þeim mörkuðum sem mál þetta snertir í grófum dráttum á eftirfarandi hátt, en um nánari lýsingu vísast til ákvörðunar nr. 33/2007.

Leigubifreiðastöðvar

BSR starfar á takmörkunarsvæði sem nær yfir höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin. Landfræðilegi markaðurinn afmarkast af þessu sama svæði, sbr. reglugerð nr. 397/2003 og fyrrgreindar ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2006. Rök geta staðið til þess að Suðurnesin tilheyri að vissu marki sérstökum landfræðilegum markaði, en ekki er ástæða til að taka afstöðu til þess í málinu. Á þessu takmörkunarsvæði starfa nú 5



leigubifreiðastöðvar. Þær eru Bifreiðastöðin Hreyfill, Bifreiðastöð Reykjavíkur (BSR), Borgarbílastöðin, Borgarleiðir og A – stöðin.

Upplýsingar frá Vegagerðinni um leigubifreiðastjóra á þessu takmörkunarsvæði gefa til kynna að markaðshlutdeild BSR sé um 20 - 25% ef miðað er við fjölda leigubifreiða sem bifreiðastöðin þjónustar og hefur markaðshlutdeildin verið nokkuð stöðug á undanförunum árum.

Leigubifreiðar/leigubifreiðastjórar

Leigubifreiðastjórar sem kaupa aðstöðu og þjónustu hjá BSR starfa á hinum landfræðilega markaði þessa máls, þ.e. því takmörkunarsvæði sem nær yfir höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin. Takmörkunarsvæðið er kallað svo af því að aðgangur nýrra bifreiðastjóra er takmarkaður og að öðru jöfnu óheimill nema þegar einhver þeirra bifreiðastjóra sem fyrir voru hefur hætt störfum, og þá aðeins að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Á svæðinu geta allt að 560 atvinnubifreiðastjórar starfað á hverjum tíma, skv. ákvæðum reglugerðar um leigubifreiðar.

IV.

Samkeppniseftirlitið telur að þær forsendur sem lágu til grundvallar fyrri undanþágu með ákvörðun nr. 33/2007 séu enn til staðar. Rétt er að taka fram að Samkeppniseftirlitið telur að úr ýmsu þurfi að bæta til þess að virk samkeppni fái betur þrífist á markaðnum. Að mati stofnunarinnar má rekja helstu ástæður þess að eðlileg samkeppni fær ekki þrífist nægjanlega til þess laga og reglugerðaverks sem gildir um leigubifreiðaakstur hér á landi sbr. álit stofnunarinnar nr. 2/2007, *Samkeppnishömlur á markaði fyrir leigubifreiðar sem leiða af ákvæðum laga og reglna um leigubifreiðar*.

Með vísan til framanritaðs og einnig með vísan til nánari umfjöllunar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2007 telur Samkeppniseftirlitið forsendu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga til þess að veita tímabundna undanþágu í máli þessu. Telur Samkeppniseftirlitið rétt að veita Verðlagsnefnd BSR heimild, með neðangreindum skilyrðum, til að gefa út og birta hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar frá BSR til 1. júlí 2011. Skilyrði fyrir heimild þessari eru eftirfarandi:

- 1) Að ákvörðun um hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra á BSR sé tekin af hagsmunafélagi leigubifreiðastjóra hjá BSR.
- 2) Að hámarksökutaxti sá sem ákveðinn verður af hagsmunafélaginu verði prentaður með stóru og auðlæsilegu letri á spjald. Á spjaldið skal einnig fest auðkenni leigubifreiðastöðvarinnar BSR. Spjald þetta skal vera plastað þannig að allar upplýsingar sem á því standa séu undir plastinu. Spjaldið skal vera tryggilega fest á áberandi stað í leigubifreiðinni þannig að það blasi við farþegum hennar.

Fyrri skilyrðið hefur þann tilgang að tryggja að ákvörðun um hámarksökutaxta sé tekin af félagi leigubílstjóranna sjálfra, en ekki af öðrum aðilum, s.s. leigubílastöðinni sem þjónustar bílstjórana. Síðara skilyrðið hefur þann tilgang að tryggja það, gagnvart farþegum, að sá taxti sem ekið er samkvæmt sé að hámarki hinn samræmdi taxti BSR sem nýtur undanþáguheimildar Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið telur rétt að benda á að berist stofnuninni síðar ósk frá Verðlagsnefnd BSR um að undanþága þessi



verði framlengd enn frekar munu ofangreind skilyrði og hugsanlega önnur skilyrði koma til skoðunar.

V.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 veitir Samkeppniseftirlitið Verðlagsnefnd BSR heimild til að gefa út hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar frá BSR. Heimildin sem veitt er til 1. júlí 2011 er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- 1. Ákvörðun um hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra á BSR skal tekin af hagsmunafélagi leigubifreiðastjóra á BSR.**
- 2. Hámarksökutaxti sá sem ákveðinn verður af hagsmunafélaginu skal prentaður með stóru og auðlæsilegu letri á spjald. Á spjaldið skal einnig fest auðkenni leigubifreiðastöðvarinnar BSR. Spjald þetta skal vera plastað þannig að allar upplýsingar sem á því standa séu undir plastinu. Spjaldið skal vera tryggilega fest á áberandi stað í leigubifreiðinni þannig að það blasi við farþegum hennar.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson